



„Hvað er að vera ég?“

Fernuflug 2006

Samkeppni um nýja texta
á mjólkurfernur meðal
grunnskólanema
og framhaldsskólanema

Ávarp menntamálaráðherra

Ágætu kennarar og nemendur


Um áraraðir hefur MS lagt sig fram um að varðeita og rækta þjóðtunguna með því að birta margs konar efnir í máli og myndum á mjólkurfernum sínum. Þetta er lofsvert framlag í þágu málræktar því að hver kannast ekki við að lesa utan á mjólkurfernum um leið og fjölskyldan borðar morgunmatinn?

Senn hefst á ný samkeppnin Fernuflug sem á síðustu árum hefur farið fram á meðal grunnskólanema. Að þessu sinni munu framhaldsskólanemar einnig taka þátt í keppninni og það er von míni að sem flestir nemendur grunn- og framhaldsskóla muni taka þátt í Fernuflugi með dyggi aðstoð kennara sinna.

Í ár verða þátttakendur beðnir um að svara spurningunni „Hvað er að vera ég?“ í bundnu eða óbundnu máli. Áhugavert verður að lesa svör barna og ungmenna við þessari áleitnu spurningu.

Móðurmálið er einn af þeim hornsteinum sem við viljum efla og varðeita í samfélaginu. Með því að taka þátt í samkeppninni gefst bæði tækifærri til að rækta íslenskuna en einnig að bæta við þann menningarárf sem okkur er svo hugleikinn enda hefur ljóða- og sagnagerð um langa tíð verið okkur íslendingum kær. Með Fernuflugi fá börn og ungmenni tækifærri til að virkja málið með lifandi hætti og nota þannig tungumálið til sköpunar. Hver veit nema á mjólkurfernum muni birtast fyrstu verk rithöfunda framtíðarinnar.

Um leið og ég hvet grunn- og framhaldsskólanema til þátttöku í Fernuflugi vil ég þakka MS fyrir framlag sitt til efplingar og varðveislu íslenskrar tungu.



menntamálaráðherra og verndari Fernuflugs



Fernuflug 2006

Sú hefð sem Mjólkursamsalan hefur nú haldið í heiðri í meira en áratug, að nýta mjólkurfernur sem vettvang málræktar, tjáningar og sköpunar, er í margra augum orðin ómissandi hluti af menningu okkar. Framan af voru textar og myndlýsingar í höndum fagmanna en með tilkomu Fernuflugsins svokallaða hafa áherslur breyst og grunnskólanemendur verið kallaðir til leiks sem texta- og myndasmiðir. Afraksturinn, sem hefur birst á milljónum mjólkurferna á undanförnum árum, ber hugmyndaauðgi ungs fólks fagurt vitni og er vonandi sem flestum hvatning til dáða í meðferð tungumálsins.

MS efnir nú til Fernuflugs 2006, nýrrar samkeppni um texta á mjólkurfernur. Um er að ræða tvískipta keppni, annars vegar á meðal grunnskólanema í 5., 6. og 7. bekk og hins vegar á meðal framhaldsskólanema. Gert er ráð fyrir að 64 höfundar, 32 af hvoru skólastigi, fái viðurkenningu og efni sitt birt á samtals 35 milljónum eintaka af nýmjólkur- og léttmjólkurfernurnum.

Stuttur texti

Þáttakendur eru beðnir að skrifa stuttan texta undir yfirschriftinni „Hvað er að vera ég?“ Hæfileg lengd samfellds texta er 60–80 orð en að hámarki 100 orð eða 15–20 línum ef texti er í bundnu máli.

Textinn getur verið í því formi sem hverjum og einum hentar: örsaga eða örleikrit, ljóð, óformleg hugleiðing eða hnittmiðuð yfirlýsing svo að nokkur dæmi séu tekin. Þáttakendur eiga ekki að skila inn myndefni með textum sínum en búast má við að textarnir, sem veljast á fernurnar, verði myndskreyttir. Best er að textanum sé skilað sem tölvuútprenti en sé skriftin skýr er í lagi að skila inn handskrifuðum texta.

Kennurum er velkomið að aðstoða nemendur við frágang efnisins, t.d. vegna réttritunar, málfars, uppbyggingar frásagnar o.s.frv. Sérstaklega eru kennrar beðnir um að aðstoða þá nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

„Hvað er að vera ég?“

Með því að gefa grunn- og framhaldsskólanemum tækifæri til að velta fyrir sér og svara þessari spurningu vonumst við til að skapa megi skoðanaskipti milli nemenda, kennara, fjölskyldna og vina um það sem koma kann upp í hugann í leitinni að því svari sem hver og einn upplifir sem sitt rétta. Sömuleiðis má ætla að vinnan, sem lögð er í leit af þessu tagi, skili sér síðar í meiri meðvitund og skilningi á umhverfi og öðru fólkvi. Vissulega eru engin svör röng eða rétt i samkeppni af þessu tagi. Svörin geta hins vegar verið skemmtileg, sannfærandi, óvænt, hrífandi, einlæg, kröftug, lúmsk eða sláandi einföld, hvert á sínum forsendum. En umfram allt verða þau að vera sönn fyrir þann sem skrifar.

Fernuflug 2006 er unnið í samvinnu við Samtök móðurmálskennara og eru íslenskukennrar í 5., 6. og 7. bekk grunnskóla og í framhaldsskólum hvattir til að hafa frumkvæði að samvinnu við lífsleikniskennara síns skóla um umræður, verkefni og annað sem gæti auðveldað nemendum að finna sitt eigið svar.

Viðfangsefnið

Það hefur líklega aldrei verið mikilvægara fyrir ungt fólk en nú, á tínum ofgnóttar og vægðarlauss áreitis, að þekkja eitthvað til eiginleika sinna og áhugasviða. Hins vegar er engu líkara en sjálfsbekking sé afgangsstærð í samfélaginu en því meiri áhersla lögð á staðreyndaþekkingu og staðlaða heimssýn sem á sér sjaldnast forsendur í upplifun ungmannna á sjálfum sér og umheiminum. Það er því nánast tilviljun háð hvort einstaklingur fær tækifæri til að kynnast sjálfum sér í raunverulegu samhengi við umhverfi, náttúru og annað fólk.

Möguleikar til að nálgast verkefnið

- Samræður um sameiginlega eiginleika fólks (eðlisávisun/það sem býr í okkur öllum). Tilvalið er að útbúa lista/veggspjöld sem sýna allt sem við eignum sameiginlegt annars vegar og aðskilur okkur hins vegar. Vonandi til að sýna að fyrri flokkurinn er mun efnismeiri.
- **Það er alltaf verið að spryja börn og unglings hvað þau ætli að verða – en hvað eru þau núna?** Verkefnið gæti verið fólgιð í því að skrifa/teikna/leika/tala um hvað myndi gerast ef maður yrði „ekki neitt“, eins og svo oft er sagt við þá sem vilja fremur treysta á það sem í þeim býr en langskólagöngu með tilheyrandi námsgráðum og öryggisnetum. Hvað höfum við í okkur núna sem gæti nýst í lifinu um alla framtíð?
- **Það er sagt að það sé ekki alltaf best að sjá fjallið af tindi þess** – og minnt er á að stundum er gott að spegla sig í öðru fólk, hlusta eftir viðbrögðum, ekki síst þeim jákvæðu. Hver nemandi gerir í framhaldinu lista yfir eigin kosti og afhendir kennara án þess að sýna öðrum. Síðan gerir allur bekkurinn, með hjálp kennara, sameiginlegan lista yfir kosti allra nemendanna. Erindið er einkum að sýna fram á hvað við sjáum lítið af okkur sjálfum þegar um kosti og góða eiginleika er að ræða. Það er líka góð reynsla fyrir hvern einstakling að fá þess konar skilaboð frá sínum hópi. Það er ekki of mikið um slíkt.
- **Hlutverkin okkar.** Samræða um ólik hlutverk í lifinu, oftast mörg á sama deginum. Allt eftir því í hvaða samhengi við erum. Skrifaför listar yfir hlutverk okkar á einum degi eða einni viku. Hér kemur væntanlega upp spurningin um það hvort við séum alltaf að leika og hvort maður sé sannari, meira maður sjálfur, í einu hlutverki fremur en öðru. Kannski er niðurstaðan oftast sú að hver einstaklingur sé í eðli sínu svo margbrotinn að hlutverkin séu öll sönn – spurningin er hins vegar: Hvað velur maður að rækta og hvers vegna?
- **Sníðum við okkur of þróngan stakk?** Er hugsanlegt að við sjálf, með stuðningi aðstandenda og vina, séum of fljót að úthluta okkur hlutverkum í lifinu? Er mögulegt að við ákveðum strax á unglingsárum hvað við stöndum fyrir og þá einkum og sér í lagi hvað við stöndum ekki fyrir – og njótum fyrir vikið ekki sjálfra okkar til fulls?
- **Nokkrar spurningar sem einnig geta nýst:** Hvernig er ég stundum og hvernig er ég alltaf? En aldrei? Ef ég væri dýr, hvaða dýr væri það? Hvers vegna? Hvað er annað fólk stór hluti af mér? Hvar eru landamærin á milli míni og umhverfisins? Er ég sá sem ég sé í speglinum eða er ég kannski einhver sem ég hef aldrei hitt?



Mat á efni

Við mat sitt mun dómnefnd einkum horfa til eftirfarandi þátta:

Hvað er verið að segja? Er innihaldið áhugavert eða vekjandi, hrífandi, einlægt, djarft, óvænt? (Athugið að taka ekki slika upptalningu of bókstaflega, hér er aðeins verið að gefa dæmi um þætti sem geta haft áhrif á mat dómnefndar en þeir eru vissulega misjafnir, allt eftir eðli textans.)

Einlægni. Notar nemandinn sina eigin rödd? Er um persónulega sýn að ræða, finnur lesandinn fyrir raunverulegu hjarta að baki textanum?

Skýrleiki. Skilar innihaldið sér á sannfærandi hátt? Er hugsunin skýr og tær?

Málonotkun. Er kröftugt krydd eða leikur í textanum, skemmtilegur snúningur, óvænt orðanotkun eða hrífandi einfaldleiki? Og allt á íslensku?



Skil á efni og úrslit

Efni í keppnina skal skilað undir dulnefni. Dulnefnið skal skrifað skýrum stöfum á bakhlið blaðsins með textanum. **Efninu fylgi lokað umslag, merkt sama dulnefni.** Í því skulu vera upplýsingar um fullt nafn höfundar, aldur, skóla, bekkjardeild, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang ef við á. Ef höfundar eru fleiri en þrír skulu þeir velja sér eitt sameiginlegt heiti sem birtist í stað höfundarnafna á mjólkurumbúðum.

Gert er ráð fyrir að innan hvers skóla verði efni nemenda safnað saman og því skilað til **MS, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík, eigi síðar en 15. mars 2006.** Þátttakendum er einnig heimilt að senda efni sitt til MS án milligöngu skóla eða kennara.

Þátttakendum er heimilt að senda inn ótakmarkaðan fjölda texta en MS áskilur sér rétt til þess að takmarka fjölda viðurkenninga handa hverjum höfundi og sömuleiðis það efni sem eftir hann birtist.

Efni, sem valið er til notkunar á mjólkurfernum, verður birt ásamt nafni höfundar, skóla hans og sveitarfélagi.

Úrslit verða tilkynnt í byrjun maí 2006. Stefnt er að því að efnið birtist fyrst á mjólkurfernum MS í byrjun árs 2007 og verði í notkun í um það bil tvö ár.

Verðlaun

Höfundar þess efnis, sem valið verður til birtingar á mjólkurfernum, hljóta viðurkenningu en að auki verða þrír bestu höfundarnir verðlaun-aðir sérstaklega. Á hvoru skólastigi fyrir sig verða veitt þrenn peningaverðlaun: 100 þúsund krónur, 50 þúsund krónur og 25 þúsund krónur.

Dómnefnd

Sérstakur verndari keppninnar og formaður dómnefndar er **Þorgerður Katrin Gunnarsdóttir** menntamálaráðherra. Aðrir í dómnefnd eru **Þorvaldur Þorsteinsson**, myndlistarmaður og rithöfundur, **Baldur Jónsson**, markaðsstjóri MS, **Guðrún Kvaran**, formaður Íslenskrar málnefndar og **Björk Einisdóttir**, formaður Samtaka móðurmálskennara.

